

Fundargerð

29. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 29. maí 2018 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eypórsdóttir formaður (EE), Charlotta Oddsdóttir (CO), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Sæmundur Sveinsson (SS), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH) og Ásthildur Skjaldardóttir (ÁS)(varamaður Þorvaldar Kristjánssonar).
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 28. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi (BKB/EE)

- Málþing um erfðafræðileg áhrif laxeldis á villta laxastofna var haldið 1. febrúar í Fróða, fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar í samstarfi við Leó Alexander Guðmundsson sérfræðing í ferskvatnslífríki hjá Hafrannsóknarstofnun. Aðalfyrirlesari var Dr. Kevin Glover (Hafrannsóknarstofnunin í Noregi; Háskólinn í Bergen) sem er einn af leiðandi vísindamönnum Noregs á sviði erfðablöndunar af völdum laxeldis og vöktunar á erfðafræðilegum áhrifum laxeldis. Dr. Fletcher Warren-Myers (Háskólinn í Melbourne, Ástralíu) fjallaði um rannsóknir sínar á því hvernig má með einföldum hætti merkja eldislaxa svo hægt sé að rekja stökulaxa úr eldi til framleiðenda. Leó Alexander Guðmundsson (Hafrannsóknarstofnun) fjallaði um rannsókn á erfðablöndun á Vestfjörðum og Dr. Ragnar Jóhannsson (Hafrannsóknarstofnun) um áhættumat á erfðablöndun og vöktun áhrifa eldis á náttúrulega laxastofna.
- Yfirlit yfir verkefni erfðanefndar var send til ANR 1. desember sem er skilyrði fyrir lokagreiðslu framlags til nefndarinnar (20%).
- Geitur eru orðnar 1300, stuðningur við geitur er nú samkvæmt búvörusamningi, greitt er fyrir vetrarfóðraðar geitur, kjöt og mjólk.
- Matarauður Íslands hefur styrkt ýmis verkefni vegna geitarinnar, s.s. heimasíðu, EUROP kjötmat og þjálfun kjötmatsmanna fyrir sláturtíð í að meta samkvæmt EUROP kjötmati. Meðferð kjötsins hefur ekki verið nógu góð í sláturhúsunum. Búið að tengja á sláturupplýsingar við skýrsluhald í Heiðrúnu.
- Lógó fyrir íslenskar geitaafurðir hefur verið birt. Efnt var til samkeppni meðal nemenda í Listaháskóla Íslands þar sem verðlaun voru veitt fyrir bestu hugmyndina.
- Sæði var safnað úr þremur geithöfnum, alls er nú til frosið sæði úr 20 höfnum víðs vegar af landinu.
- EFABIS gagnagrunnur (fjöldi búfjár) hefur verið uppfærður.
- EE og BKB sóttu fund hjá húsdýrahóp Nordgen í apríl í Uppsala
- Næsti fundur hjá húsdýrahóp Nordgen verður á Ísland í september.
- BKB sótti fund í *in situ* vinnuhóp hjá ERFÍ í Bonn í maí. Fyrsti fundur í vinnuhópnum, snýst um að stuðla að framförum í sjálfbærri varðveislu (on farm conservation) og að auka virði afurða.

- Evrópusamstarf ECPGR (plöntur), EUFORGEN (Skógur) og ERFPP (húsdýr), sóttu sameiginlega um styrk til ESB til að vinna að varðveislu markmiðum Horizon 2020 (Rannsóknna – og nýsköpunaráætlun ESB til 7 ára).
- Nefndin veitti umsögn um innflutning á silkiormum (e. mulberry silkworm eða *Bombyx mori*) frá Bandaríkjunum.

4. Afgreiðsla styrkumsókna

Auglýst var eftir umsóknum um verkefnastyrki, þar sem lögð var áhersla á að styrkja verkefni sem vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Alls bárust sex umsóknir og veittir voru fjórir styrkir til eftirfarandi verkefna:

Heiti verkefnis	Sótt um
Ætíðvönn- lifandi minjar ræktunarsögu Norðurlanda	700.000
Safeguarding the past legacy- for future barley breeding endeavor's	450.000
The breeders of local domesticates in the North Atlantic and their motives- an exploratory study	700.000
Íslensk búfjarkyn – hönnun smáforrits til að kynna búfjarkynin	600.000
Samtals	2.450.000

5.

Rekstur 2017 og áætlun fyrir 2018

Erfðanefnd landbúnaðarins 2017

(Rekstraryfirlit 1. janúar - 31. desember 2017)

Tekjur:

Framlag til verndunar búfjárstofna 2017, búnaðarlög	7.000.000
	7.000.000

Gjöld:

Heimasíða 36 mánaða áskrift til 1984 ehf	35.242
Árgjald vegna léns www.agrogen.is	5.980
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
LBHÍ v/erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.226.000
ERFP árgjald 2017 (800 evrur)	100.562
ERFP fundur Tallin Eistlandi	203.690
Greiddir styrkir	1.787.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	552.500
Prenntun á veggspjöldum vegna birkisýningar	6.000

Gjöld alls	6.047.474
-------------------	------------------

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 01.01.2017	1.517.383
Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2017	952.526
Óráðstafað eigið fé 31.12.2017	2.469.909

Drög að áætlun fyrir 2018

Tekjur:

Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR **7.000.000**

Gjöld:

LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri 3.226.000
 BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrndra og feldfjár 130.000
 Styrkir 3.000.000
 Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið 68.615
 ERFPP árgjald (hefur verið 800 evrur) 100.000
 ERFPP fundur 300.000
 Málþing v/erfðablöndunar eldislaxa við villta stofna* 399.654
 Fundur NP fyrir plöntur (Sæmundur) 47.483

Samtals 7.271.752

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 01.01.2018 2.469.909
 Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2018 - 271.752

 Óráðstafað eigið fé 31.12.2018 **2.198.157**

***) Málþing v/erfðablöndunar eldislaxa við villta stofna:**

Auglýsing Fréttablaðið 105.049
 Veitingar og rekstrarvörur 33.368
 Gisting Kevin Glover 39.297
 Flug Fletcher Warren Myers 176.940
 Flug Kevin Glover (Nkr. 3510) ógreitt 45.000

Samtals kostnaður vegna málþings 399.654

6. Önnur mál

Rætt var um þá áhættu sem innflutningur á hráu kjöti getur haft í för með sér.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn í haust